

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 14. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar). Þingskjal 79 – 79. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið. Barnaheill sendu áður umsögn um sama mál og er hún nú send aftur og með viðbótarathugasemdum.

Réttur barnsins sjálfs tryggður

Barnaheill fagna því að frumvarpið eigi að tryggja barni sjálfu rétt til umönnunar foreldra, en slíkur réttur hefur hingað til aðeins verið tryggður óbeint með rétti foreldris til að annast barn sitt í veikindum eins og segir frá í greinargerð með frumvarpinu. Foreldrar njóta mismunandi réttinda á grundvelli vinnusamninga til umönnunar barna sinna. Það leiðir til þess að börnum er mismunað um umönnun foreldra sinna en slíkt brýtur gegn 2. grein Barnasáttmálans. Barnaheill áréttar því að samtökin styðja við að réttur barns til umönnunar foreldra verði festur í lög.

Skýringa er þörf

Hins vegar telja samtökin að skýra þurfi ákvæðið og hafa nánari umfjöllun um útfærslu í greinargerð. Mikilvægt er að skýrt verði kveðið á um hvernig réttur barns til umönnunar foreldra verði framkvæmdur og tryggður, þ.e. hver ábyrgist launamissi foreldris t.a.m. þegar barn þarfnast umönnunar í lengri tíma en foreldri hefur rétt til samkvæmt vinnusamningi? Hvernig á að tryggja að foreldri eigi rétt á leyfi frá störfum vegna réttar barnsins til umönnunar? Er um að ræða alla foreldra barns þegar til staðar eru stjúpfóreltrar t.a.m.?

Útfærsla réttarins

Barnaheill styðja því við að þingsályktunartillagan, sem í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um, um skipan starfshóps um útfærslu þessa réttar barns sem í frumvarpinu er lagður til að verði lögfestur, (sjá þingsályktunartillöguna: [96/153 þáttill.: skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)) verði samþykkt.

Barnaheill telja jafnvel skynsamlegra að fara þá leið að biðja með að festa rétt barnsins í lög þar til ákveðið hefur verið hvernig eigi að framkvæma hann, þ.e. eftir að starfshópurinn hefur skilað af sér tillögum. (Sjá umsögn Barnaheilla um þingsályktunartillöguna hér: [153-595.pdf \(althingi.is\)](#)).

Eftir sem áður er afar mikilvægt að vinnu þessari verði flýtt eins og hægt er því mikilvægt er að losa börn og fjölskyldur þeirra undan áhyggjum og erfiðleikum við að finna leiðir til að annast börn í veikindum þeirra eða vegna afleiðinga slysa. Við núverandi aðstæður er börnum mismunað um umönnun foreldra á grunni stöðu foreldra á vinnumarkaði og á grunni fjárhagsstöðu. Úr því ber íslenska ríkinu að bæta hið snarasta.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í allri sinni vinnu.